

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, Kjóavellir, Vífilsstaðavatn og Grunnuvötn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. júní 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 frá 12. júlí 2006.

Breytingin felst í því að vatnsvernd í Dýjakrókum fellur brott og vatnsverndarmörk til vesturs breytast. Ópið svæði til sértakra nota við Kjóavelli stækkar á kostnað óbyggðs svæðis og hluti þess breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Grunnuvötn verða hverfisvernduð og fyrirhugað friðland Vífilsstaðavatns er skilgreint sem ópið svæði til sértakra nota. Skilgreindar verða reið- og útivistarleiðir um svæðið, friðland Vífilsstaðavatns og hverfisvendarsvæði Grunnuvatna.

Breyting á vatnsverndarmörkum og niðurfelling brunnsvæðis við Dýjakróka byggir á breytingum á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem staðfest var 7. nóvember 2007.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. júní 2008.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.